

Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Til : ssh@ssh.is <ssh@ssh.is>;olfus@olfus.is <olfus@olfus.is>;skipulag@reykjavik.is <skipulag@reykjavik.is>;hafnarfjordur@hafnarfjordur.is <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>;Póstlisti Mosfellsbæjar <mos@mos.is>;gardabaer@gardabaer.is <gardabaer@gardabaer.is>

Frá : Bergljót Sigríður Einarsdóttir <bergljote@kopavogur.is>

CC : jon@ssh.is <jon@ssh.is>;gunnlaugur@olfus.is <gunnlaugur@olfus.is>;haraldur.sigurdsson@reykjavik.is <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>;bjorn.axelsson@reykjavik.is <bjorn.axelsson@reykjavik.is>;thormodurs@hafnarfjordur.is <thormodurs@hafnarfjordur.is>;Kristinn Pálsson <kristinnp@mos.is>;arinbjorn@gardabaer.is <arinbjorn@gardabaer.is>

Heiti : Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Málsnúmer : 202105014

Málsaðili : Kópavogsbær

Skráð dags : 02.12.2022 10:36:36

Höfundur : Bergljót Sigríður Einarsdóttir <bergljote@kopavogur.is>

Viðhengi [Samsett skjal_Minnisblöð_samráð_3mbl.pdf](#)[Samsett skjal_Minnisblöð_samráð_3mbl.pdf](#)
[Samsett skjal_Br-ask-nr2_TILLAGAarg-og-uppdr_Vatnsendahvarf-Vatnsendah_24nov2022_forkynning_og-fskj-1-2-3.pdf](#)[Samsett skjal_Br-ask-nr2_TILLAGAarg-og-uppdr_Vatnsendahvarf-Vatnsendah_24nov2022_forkynning_og-fskj-1-2-3.pdf](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Góðan dag

Til sveitarstjórna aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefndar.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts!

Vakin er athygli á að erindi þetta er aðeins sent í tölvupósti til hlutaðeigandi.

Kópavogi, 2 desember 2022, málsnúmer 2208338

Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 forkynning á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Tillögunni fylgir m.a. sameiginleg umhverfismatskýrsla (fskj-1) fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreitna fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

Mótun deiliskipulags stendur enn yfir og ráðgert er að deiliskipulagstillagan og tillaga að breytingu á aðalskipulagi fari í auglýsingar- og kynningarferli í byrjun næsta árs.

Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 verður opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi verður kynnt þeim sem þess óska.

Tillagan ásamt fylgiskjölum er aðgengileg á vefsíðu bæjarins, <https://www.kopavogur.is> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 á opnunartíma. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn **11. janúar 2023**.

F.h. skipulagsfulltrúa Kópavogs
Bergljót Sigríður Einarsdóttir verkefnastjóri

Hjálagt í viðhengi:

Tillaga á forkynningarstigi ásamt fylgiskjöllum 1, 2, og 3 (samsett pdf-skjal). Þrjú minnisblöð í samsettu pdf-skjali. Fornleifaskrá sér pdf-skjal.

Gögnin er einnig hægt að skoða á vefsíðu Kópavogs.

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>

Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Tímabil

2. desember til 11. janúar 2023.

Tengd skjöl

-  Vatnsendahvarf, forkynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Á vinnslustigi.
-  Samráðsáætlun deiliskipulags
-  Fornleifaskráning Vatnsendahvarf
-  Fskj-1. Umhverfismat
-  Fskj-2. Breyting á tengibraut
-  Fskj-3. Mat á þjónustu
-  Minnisblað menntasviðs, fjölgun nemenda
-  Um samráð við gerð deiliskipulags

Erindi sent í tölvupósti til eftirfarandi:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (ssh), sveitarfélagið Ölfus, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og skipulagssvið, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær

Bergljót S. Einarsdóttir verkefnastjóri/arkitekt
Umhverfissvið Kópavogs | skipulagsdeild
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur, sími 441 0000
skipulag@kopavogur.is www.kopavogur.is